

## Fundargerð aðalfundar 2007

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2007 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 14. maí 2007 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 9 hluthafa sem eiga samanlagt 79.2 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Gunnar Sturluson, hrl., fundarstjóra, og Huldu Björk Þorkelsdóttur frá Sveitarfélaginu Reykjanesbæ, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Hörður Sigurðsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins.

Ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:
  - Anna Torfadóttir ( kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
  - Hörður Sigurgeirsson (kt. 020638-2659), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
  - Valur Árnason (kt. 230666-3349), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Lagt var til að tap af rekstri ársins 2006 fari til lækkunar á eigin fé félagsins, eins og ráð er fyrir gert í fyrirbyggjandi ársreikningi og var það samþykkt.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2007-til aðalfundar 2008 hækki úr 15.000 kr. í 20.000 kr. á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál. Margrét I. Ásgeirsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, spurðist fyrir um endurskoðun samninga. Sveinbjörg greindi frá því að þeir væru endurskoðaðir á þriggja ára fresti og næst verður það gert árið 2008.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15:45.



Gunnar Sturluson



Hulda Björk Þorkelsdóttir